

## Fundur í Nemendafélagi 5. desember 2024 kl. 12:25

Mættir: Palli, Oddur, Veronika, Díana, Valgarður, Haraldur, Helgi, Lúkas og Arnþór.

### A) Farið yfir síðustu fundargerð

Athugasemdir: Á ennpá eftir að fá púða í félagsrými. Skóhornið sem keypt var eftir síðasta fund beyglaðist strax. Valdís gaf skólanum öflugt skóhorn sem við eigum eftir að koma upp. Umræður um að finna nýja skóhorninu annan stað í forstofu svo allir séu ekki á sama stað að klæða sig í skó.

B) Nemendur í 10. bekk fara á morgun í Álholtsskóg að velja jólatré fyrir skólann. Mælt með að taka eins stórt tré og hægt er. Ákveðið að taka þriggja metra tré.

### C) Önnur mál:

1. Nemendur í 5. bekk óskuðu eftir lengri útiveru, skólastjóri útskýrði að því miður væri ekki mögulegt að koma því fyrir í stundatöflu þar sem skólanum ber samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla að kenna ákveðnar greinar í ákveðinn langan tíma og því ekki pláss í töflunni fyrir lengri útiveru. Umræður um að oft eru kennarar með lengri útiveru á haustin og vorin þegar vel viðrar.
2. Nemendur á miðstigi óska eftir fleiri íþróttatímum. Skólastjóri sagði það ekki mögulegt af sömu ástæðum og í lið 1.
3. Nemendur á miðstigi vilja ekki hafa íþróttir síðasta tíma dagsins. Umræður um að einhver þarf að vera síðastur svo við komum öllum tímum sem við eigum að kenna fyrir í töflu íþróttahússins. Hægt að skoða við næstu stundatöflugerð að það séu ekki alltaf sömu hóparnir á milli ára sem eru síðastir.
4. Stærðfræði á hverjum degi í 6. og 7. bekk, skólastjóri skoðar það með umsjónarkennurum.
5. Meiri leiklist á miðstigi hjá Siggu Sjöfn, skólastjóri skoðar það með miðstigsteymi.
6. Sömu sæti í matsalnum, skiptar skoðanir um það meðal nemenda, mögulegt að ræða það frekar á nemendapingi á vorönn 2025.
7. Fleiri frjálssar tímar, samkvæmt aðalnámskrá eigum við ekki að kenna frjálsa tíma og því ekki mögulegt af sömu ástæðu og í lið 1.
8. Beiðni um að boðið verði upp á kolsýrt vatn í matsalnum. Ólíklegt að svo verði miðað við leiðbeiningar sem skólinn starfar eftir fyrir mötuneyti grunnskóla.
9. Tillaga um að boðið verði upp á djús og kex á Nemendafélagsfundum. Skólastjóri skoðar það.
10. Fá oft djús í skólanum. Umræður um hvort það væri hollt? Ákveðið að hafa djúsinn bara spari.
11. Af hverju fær yngsta stig lengri útiveru en aðrir? Skólastjóri útskýrði það fyrir fulltrúum, skólinn á að kenna færstar kennslustundir á yngsta stigi, fleiri á miðstigi og enn fleiri á unglíngastigi samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla.

12. Óþægilegt að yngsta stig setjist aftast í skólarúturnar. Sú óskráða regla að elstu nemendur eigi réttinn aftast í rútunum og svo koll af kolli verður rædd á nemendabíngi á vorönn.
13. Fulltrúi benti á mikilvægi þess að nemendur setjist strax í sæti í skólarúttunni í heimkeyrslu, ekki vera að labba um bílinn og leita að “réttu” sætinu.
14. Yngsta stig og miðstig koma stundum of snemma í morgun- eða hádegisverð. Skýringin er sú að þá eiga þau að mæta í íþróttir eða sund og þurfa því að fara fyrr í matsalinn og því lítið hægt að gera í því.
15. Vantar stundum pappír og handþurrkur á salerni á unglíngastigi. Fulltrúar beðnir um að láta fullorðinn vita ef það gerist, reddum því á svípstundu.
16. Miðstig þarf að vera kurteist þegar það mætir á völlinn, umræður um það og fulltrúar sammála um að við finnum lausn á því.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 12:55